

Nr. 051 / 16 Valdimar GK 195***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2354 IMO nr. 8302117
Smíðaður: Noregur 1982, stál
Útgerð: Þorbjörn hf
Stærð: 344,33 brl. 569,0 bt.
Mesta lengd: 41,36 m Skráð lengd: 38,0 m
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m
Vél: Callesen 508 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Valdimar ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. ágúst 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. desember 2015 var Valdimar GK 195 að fara frá bryggju á Djúpavogi. Veður: NA 5 m/s.

Skipverji sem var staddur á efra þilfari rann til í hálfu og sneri sig á ökkla. Skipverjinn kláraði veiðiferðina en leitaði síðan læknis þegar komið var til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var við bryggju og verið var að sleppa landfestum að aftan;
- að skipverjinn rann til og féll í hálfu á þilfarinu þegar hann var að ganga eftir því eftir að hafa sleppt landfestum;
- að skipverjinn brotnaði illa á vinstri fæti.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.